

Fyrirspurn

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um eftirlit Matvælastofnunar.

Frá Andrésí Inga Jónssyni.

1. Hverjum þeirra tíu tillagna til úrbóta sem birtast í skýrslu atvinnuvega- og nýsköpunar-ráðuneytisins um Matvælastofnun, sem birtist 27. mars 2017 í kjölfar Brúneggjamálsins, og er ætlað að gera matvælaeftirlit og eftirlit með velferð dýra skilvirkara og hagkvæm-ara, hefur verið hrint í framkvæmd og með hvaða hætti? Hverjum þeirra hefur ekki verið hrint í framkvæmd og af hvaða ástæðum?
2. Hver varð niðurstaða skoðunar á hvort tilefni væri til þess að skylda eftirlitsaðila til að upplýsa almenning og fjölmiðla um niðurstöður úr eftirliti er ráðherra boðaði í svari á þskj. 276 á 146. löggjafarþingi og hvernig skilaði sú skoðun sér í breytingum á lögum?
3. Telur ráðherra tilefni til að breyta verklagi Matvælastofnunar á þann hátt að eftirlits-skýrslur stofnunarinnar séu almennt aðgengilegar? Myndi slík breyting kalla á laga-breytingu eða rúmast hún innan núverandi lagaramma?

Skriflegt svar óskast.